

## YFIRLÝSING

um stuðning viðskiptalífsins við samkomulag um atvinnuréttindi ungs fólks í Japan og á Íslandi

Á fundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkisráðherra, með Taro Kono, utanríkisráðherra Japans, 29. maí sl, var staðfest samkomulag um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks í Japan og á Íslandi. Samkomulagið mun efla mjög viðskiptasamband ríkjanna með því að gefa ungu fólk frá báðum löndum tækifæri á því að kynnast atvinnulifi landanna. Nú þegar styðja japanska og íslenska ríkið ásamt þarlendum háskólum rausnarlega við unga námsmenn.

Össur, Icelandic Japan, Toyota á Íslandi, Hvalur, Hampiðjan Japan, Global Vision, Viking, Takanawa, Viðskiptaráð Íslands, Íslenska viðskiptaráðið í Japan og Japansk-íslenska viðskiptaráðið, hafa í dag, 31. maí 2018, ákveðið að leita leiða við að styðja við ungt fólk sem nýta mun nýgerðan samning Íslands og Japans um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks. Það verður m.a. gert með því að leggja til fjármuni í ferðasjóð, en ofangreindir aðilar hafa nú þegar staðfest að setja samtals 1.600.000 ISK í sjóðinn, sem vistaður verður hjá Japansk-íslenska viðskiptaráðinu í Reykjavík. Leitast verður eftir að efla sjóðinn enn frekar með framlögum frá áhugasönum fyrirtækjum.

Jafnframt mun Össur, sem hefur mikla starfsemi í Japan, auglýsa eftir ungu fólk frá Íslandi sem hefur áhuga á að koma til starfa hjá féluginu. Starfið fælist m.a. í undirbúnungi aðkomu Össurar hf. að Ólympíuleikum fatlaðra 2020.

Aðilar að þessari yfirlýsingu vilja þannig hvetja ungt fólk frá báðum löndum til að nýta þetta góða samkomulag. Úr ferðasjóðinum verða veittir styrkir fyrir flugfargjöldum einstaklinga sem nýta sér samkomulagið. Skipuð verður valnefnd með fulltrúum frá viðskiptaráðunum þremur. Umsækjendur um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks, bæði frá Íslandi til Japans og frá Japan til Íslands, hafa þannig kost á því að sækja um endurgreiðslu á ferðakostnaði sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem auglýst verða síðar.

Undirritað í sendiráði Íslands í Tokyo, 31. maí 2018,

F.h. Össur

Árni Álvar Arason, framkvæmdastjóri

F.h. Toyota á Íslandi

Úlfar Steindórsson, forstjóri

F.h. Hvals

Kristján Loftsson, forstjóri

F.h. Viking Travel

Yasuaki Yokokawa, forstjóri

F.h. Íslenska viðskiptaráðsins í Japan

Halldór E. Ólafsson, framkvæmdastjóri

F.h. Viðskiptaráðs Íslands

Asta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri

F.h. Icelandic Japan

Jónas Engilbertsson, forstjóri

F.h. Hampiðunnar Japan

Kenta Inaba, forstjóri

F.h. Global Vision

Takashi Kamayachi, forstjóri

F.h. Takanawa

Bolli Thoroddsen, forstjóri

F.h. Japansk-íslenska Viðskiptaráðsins

Arsæll Harðarson, varaformaður

Vottur að undirskrift

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra